

Stutt kennsluáætlun í 6.bekk

Íslenska í 6. bekk. - 6 kennslustundir á viku

Íslenskukennsla er áfram eitt meginviðfangsefni hjá öllum nemendum. Lögð er áhersla á að þjálfja jöfnum höndum talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Þessi atriði eru þjálfuð jafnt og þétt allan veturinn og tengd við grunnþætti menntunar og lykilhæfni í gegnum hin ýmsu viðfangsefni. Lestur er veigamikill þáttur þar sem áherslan er á leshraða, lesfimi og skilning.

Hver árgangur fær nákvæma áætlun á hverri önn þar sem markmið, leiðir og námsmat er útfært nánar auk viðfangsefna og námsefnis. Þessar áætlanir eru unnar upp úr skólanámskrá skólans og birtast á svæði nemenda á mentor.

Náttúrufræði í 6. bekk – 3 kennslustundir á viku

Námsáætlun er unnin útfrá bekkjarnámskrá grunnskólans fyrir 6. bekk í náttúrufræði.

Náttúrufræði er oft samþætt við aðrar námsgreinar eins og samfélagsgreinar og íslensku. Einnig er reiknað með að kennsla á tæknibúnaði s.s. spjaldtölvum og tölvum fari að einhverju leiti fram í þessum tímum. Kennsla er í formi umræðna, innlagna og tilrauna og spilar hópastarf stóran þátt.

Hver árgangur fær nákvæma áætlun á hverri önn þar sem markmið, leiðir og námsmat er útfært nánar auk viðfangsefna og námsefnis. Þessar áætlanir eru unnar upp úr skólanámskrá skólans og birtast á svæði nemenda á mentor

Samfélagsgreinar í 6. bekk – 5 kennslustundir á viku

Námsáætlun er unnin útfrá bekkjarnámskrá grunnskólans fyrir 6. bekk í landafræði, lífsleikni og sögu. Hæfniviðmiðum samfélagsgreina er skipt upp í þrennt; reynsluheimur (hæfni nemenda til að skilja veruleikann), hugarheimur (hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum) og félagsheimur (hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra).

Samfélagsgreinar eru oft samþættar öðrum greinum eins og t.d íslensku og náttúrufræði. Einnig er reiknað með að kennsla á tæknibúnaði s.s. spjaldtölvum og tölvum fari að einhverju leiti fram í þessum tímum. Kennslustund byggist á því að nemendur hlusta, spyrja, ræða saman, skoða, prófa og finni sjálfir út.

Hver árgangur fær nákvæma áætlun á hverri önn þar sem markmið, leiðir og námsmat er útfært nánar auk viðfangsefna og námsefnis. Þessar áætlanir eru unnar upp úr skólanámskrá skólans og birtast á svæði nemenda á mentor.

Leiklist

Lýsing á innihaldi kennslunnar:

Menntun í leiklist snýst um að þjálfar nemendur í aðferðum leiklistarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. (Aðalnámskrá Grunnskóla. 2011 – 2013. Bls. 145)

Útskýring leiklistarmarkmiða:

Leiklistarmarkmið aðalnámsskrár miðast við að nemendur ljúki í ákveðnum þrepum fram að sjöunda bekk. En þau markmið eru einfölduð í 6. bekk en síðan er bætt ofan á þau á hverju ári. Allir nemendur hafa alltaf sömu yfirmarkmið. Þau markmið sem talin eru upp hér á eftir eru lokamrkmið 7. bekkjar sem finna má í aðalnámskrá

grunnskólanna bls. 147. Leiklist er eina lístgreinin sem kennir þeim sem taka þátt að lifa lífinu. (Haraldur Blöndal. 1926)

Nemendur í sjötta bekk fá 60 mínútur á viku hálfur bekkur í senn.

Markmið 6. bekkjar:

Geti nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúnign og sköpun leikþátta

Geti nýtt sér efni út ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.

Geti nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína

Geti flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur

Geti skapað skýra leikpersónu viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsbeitingu

Geti sýnt fram á tök á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun túlkun og greiningu

Geti beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum)

Geti sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem eru unnin baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði

Geti rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónahorni og sett að einhverju leiti í samhengi við eigið líf og samfélag

Geti spunnið leikþætti út frá stikkorðum

Geti samþykkt spuna annarra og gert úr þeim jákvæð samskipti.

Læri að allir hafi sam rétt og að jafnrétti er eðlilegur hlutur.

Geti beitt hlustun og einbeitingu.

Smíði í 6. bekk – 4 kennslustundir á viku. Kennt er í um það bil 8 vikna lotum.

Lögð er áhersla á að nemendur kynnist helstu verkfærum smíðastofunnar, hömrum, sögum, sandpappír, reglustikum, tommustokkum, þjöllum, borum og borvélum.

Auk þess fá nemendur að nota flóknari verkfæri eins og stingsagir, hefla og stærri sagir.

Einnig læra nemendur mismunandi yfirborðsmeðhöndlun eins og að mála eða lakka hluti.

Nemendur kynnast mismunandi samsetningum eins og lími, vírum, nöglum, skrúfum og böndum.

Hver árgangur fær skylduverkefni sem allir klára og að því loknu fá nemendur að spreyta sig á öðru og láta þá ímyndunaraflið ráða. Leitast er við að fá nemendur til að taka sem mestan þátt í sköpunarferlinu sjálfir og þeir hvattir til að fara sínar eigin leiðir í sköpun og hönnun.

Unnið er eftir markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og þeim markmiðum sem sett eru upp þar og í skólanámskrá Grunnskóla Hornafjarðar.

Námsmat fer fram alla önnina í formi símats og verkefni metin þegar þau eru tilbúin.

Textíll 6.bekkur - námsáætlanir

Markmið

Þjálfar fínhyreyfingar ásamt samhyfingu huga og handa. Læri að nota grunnform í teikningu og munsturgetu. Þjálfar í að taka upp snið og klippa efni. Farið er yfir helstu hluta saumavélarinnar. Þjálfar í umgengi við hana og öðlist sjálfstæði við saumavélina. Venja sig við að ganga frá áhöldum, efnum og verkefnum. Þau læra að nota margskonar efni og mismunandi vinnuáferðir. Geti þróað hugmyndir í textílverk og upplifi sköpunargæði við útfærslu. Læri grunnaðferðir í hekli.

Nemandi fær viðfangsefni sniðið að hans þörfum.

Kennslugögn

Saumavél, nálar, garn, efni og margt, margt fleira.

bækur, blöð og annað námsefni tengt greininni.

Námsmat

Kennari metur lykilhæfni nemenda líkt og í öðrum greinum Grunnskóla Hornafjarðar. Einnig meta nemendur sjálfan sig út frá þessum lykilhæfnipáttum. Til grundvallar námsmati er vinna og iðni nemenda, sjálfstæði og sköpun, verkefnin sjálf, vandvirkni og umgengni metin.

Skólaíþróttir -3 kennslustundir á viku

Íþróttta- og sundkennsla leggur áherslu á að nemendur fá tækifæri til að kynnast fjölbreyttum íþróttum og leikjum. Lagt er upp með að hreyfingin sé sem fjölbreyttust svo nemendur efli alhliða hreyfiþroska sinn í gegnum leik og æfingar sem stuðla markvisst að velferð og vellíðan þeirra. Einnig er lögð áhersla á að efla heilbrigði nemenda ásamt því að efla heilsuvitund þeirra. Helstu þættir heilbrigðis sem áhersla er lögð á eru: hreyfing, jákvæð sjálfsmynd, næring, hvíld, andleg vellíðan, skapandi hugsun, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra

Þessi áætlun eru unnin upp úr skólanámskrá skólans og birtast á svæði nemenda á mentor.